
ÁRSSKÝRSLA 2014

1. ÁGÚST 2013–31. DESEMBER 2013

ÁRSSKÝRSLA 2014

EFNISYFIRLIT

<u>SKÝRSLA REKTORS</u>	<u>3-4</u>
<u>LYKILTÖLUR</u>	<u>5-7</u>
<u>ÁRSREIKNINGUR 01.08.2013-31.12.2013</u>	<u>8-19</u>

SKÝRSLA REKTORS

HELSTU VERKEFNI 1. ÁGÚST 2013 – 31.DESEMBER 2013

Gæðamál

Listaháskóli Íslands hóf vinnu við sjálfsmatsvinnu eða stofnanaúttekt (Reflective Analysis) í ágúst 2013. Vinnuhópur sem samanstóð af rektor, framkvæmdastjóra, gæðastjóra, deildarforseta tónlistardeildar og deildarforseta listkennsludeildar, lagði drög að vinnslu skýrslu, en um áramótin bættust í hópinn forstöðumaður rannsóknþjónustu og forstöðumaður náms- og kennsluþjónustu. Á tímabilinu var efnt til funda með öllum akademískum starfsmönnum skólans og nokkrum fulltrúum stundakennara, auk nemenda og annarra vítt og breitt úr skólanum. Skömmu eftir áramótin var haldinn fundur með öllu starfsfólki stoðsviða. Við lok haustannar 2013 voru gróf skýrsludrög orðin til.

Sjálfsmatsvinnan var langstærsti þáttur sameiginlegrar vinnu skólans að gæðamálum haustið 2013. Á sama tíma eða snemma hausts var Hönnunar- og arkitektúrdeild einnig að ljúka við síðasta þátt sinnar sjálfsmatsvinnu með heimsókn úttektaraðlila.

Húsnæðismál

Undir lok haustannar 2013 sá fyrir lokin á húsnæðisvanda myndlistardeildar vegna meistaranáms, en framkvæmdir við ný rými drógust á langinn. Laust eftir áramótin tók deildin í notkun glæsilega aðstöðu fyrir meistaranema, alls um 400 fm.

Í ljósi þess að fjárframlög sem skólinn hafði gert ráð fyrir af aukafjálögum haustið 2013, til uppbyggingar fyrir sviðslistadeild, skiluðu sér ekki var mikil vinna lögð í að leita leiða til að bæta úr aðstöðunni án þessa fjárframlags. Sú leit leiddi til samninga við Reykjavíkurborg sem lágu fyrir um áramótin þar sem skólinn tekur á leigu 400 fm. í Austurstræti. Viðbótarhúsnæðið verður tekið í notkun í byrjun janúar 2015. Með því bætist aðstaða sviðslistadeildar til mikilla muna, enda er húsnæðið allt fyrsta flokks með tilliti til faglegra viðmiða og aðgengis.

Náms- og kennsluþjónusta

Kennsluskrárnefnd vann að skrifum ársskýrslu sinnar haustið 2013 sem við skýrsluskilin í janúar 2014 mörkuðu endalok þeirrar vinnu sem hópnum hafði verið falin og laut fyrst og fremst að námskeiðslýsingum og hæfniviðmiðum, auk leiðbeininga við skrif kennsluskrár.

Rannsóknþjónustan

Rannsóknahópur fagraðs vann einnig að því að leggja lokahönd á greinagerð rannsóknahóps fagraðs um gæðakerfi rannsókna og nýsköpunar á sviði lista, á umræddu tímabili. Greinagerðinni var skilað í mars 2014.

Starfsþróunarmál

Þar sem stjórn skólans hafði óskað eftir því að lögð yrði meiri vinna í tillögur sem framkvæmdar á samþykktu í júní 2013 og voru lagðar fyrir stjórn í kjölfarið, hófst um haustið 2013 gagnger endurskoðun á reglum um ráðningar innan skólans sem og varðandi skilgreiningar á akademískum störfum og starfsþáttum þeim tengdum. Strax um áramótin 2013 – 14, var ljóst að þessi vinna væri það umfangsmikil að nauðsynlegt að væri að takast á við hana í nokkrum áföngum. Ákveðið var að hver áfangi fyrir sig yrði ræddur sérstaklega og hefur vinnuhópurinn unnið samkvæmt því og kynnt vinnu sína rækilega í framkvæmdaráði, m.a. á nokkrum venjubundnum fundum yfir veturinn og loks á heilsdagsfundi í Hannesarholti er líða tók að vori sem helgaður var yfirferð þeirra gagna sem búið var að afla. Gert er ráð fyrir að vinnu við þetta verkefni ljúki með viðtæku samráðsferli í skólanum um áramótin 2014-15.


Fríða Björk Ingvarsdóttir



Mynd 1. Aðalskrifstofur skólans og hönnunar- og arkitektúrdeild eru til húsa að Þverholti 11 í Reykjavík. Nýir eigendur, FI-fasteignir, tóku við fasteigninni veturinn 2013-2014 og endurnýjuðu leigusamning við skólann til 10 ára með útgönguleið eftir 5 ár. Um leið var 6. hæðin opnuð á mill hólfa og nýttist hún nú mun betur en áður.

LYKILTÖLUR 2013

Mynd 2. Útskrifaðir nemendur frá stofnun skólans 2000–2013 eru samtals 1505.




Flestir hafa útskrifast frá hönnunar- og arkitektúrdeild eða 497, en þar næst úr myndlistardeild eða 418. Með meistaragráðu hafa útskrifast 105 nemendur.

* Listkennslan var diplomanám til 2009, en þá hófst meistaránám.

** Fyrstu starfsár skólans voru hönnunarbrautir (textíll og grafísk hönnun) starfræktar innan myndlistardeilda, en hönnunar og arkitektúrdeildin útskrifaði nemendur fyrst árið 2002.

Mynd 3. Nemendafjöldi eftir deildum haust 2013.



Mynd 4.
Nemendur LHÍ – Lykiltölur háskóla 2013.

Námsstig	Grunndiplóma	1
	Bakkalárstig	118
	Viðbótardiplóma	6
	Meistarastig	24
	Doktorsstig	0

Aldur	
Yngri en 25 ára	36
25-29 ár	60
30-34 ár	22
35-39 ár	11
40-44 ár	3
45-49 ár	7
50-54 ár	4
55-59 ár	5
60-64 ár	1
65 ára og eldri	0
Samtals	149

Nemendaígildi	Heildarfjöldi nemendaígilda.	431.5
	Nemendaígildi í aðfararnámi	0

Heildarfjöldi nemenda	438
-----------------------	-----

Kyn	Karlar	166
	Konur	272

Námsstig	Grunndiplóma	2
	Bakkalárstig	351
	Viðbótardiplóma	5
	Meistarastig	80
	Doktorsstig	0

Námshlutfall	Hlutfall nemenda í fullu námi	0.88
--------------	-------------------------------	------

Kennsluform	Staðnám	438
	Fjarnám	0

Nemendur með erlent ríkisfang	sem hafa fast aðsetur á Íslandi	32
	sem eru skiptinemar	23

Nýnemar	Alls	161
	Grunndiplóma	2
	Bakkalárstig	118
	Viðbótardiplóma	4
	Meistarastig	37
	Doktorsstig	0

Inntökuhlutfall	0.29
-----------------	------

Endurkomuhlutfall nýnema	0.92
--------------------------	------

Virknir nemenda: ársnem/höfðatala	0.99
-----------------------------------	------

Mynd 5. Starfsmenn LHÍ – Lykiltölur háskóla 2013.

Ársverk starfsmanna við kennslu og rannsóknir	Við kennslu	38.07
	Við rannsóknir	7.5
	Við önnur störf	12.7
Ársverk annars starfsfólks		37.6
Heildarfjöldi ársverka		95.9
Ársverk akademískra starfsmanna		42.72
Ársverk akademískra starfsmanna við kennslu		22.52
Ársverk stundakennara		15.55
Akademískir starfsmenn	Heildarfjöldi	62
	Karlar	29
	Konur	33
Aldur akademískra starfsmanna	Yngri en 25 ára	0
	25-29 ár	1
	30-34 ár	4
	35-39 ár	6
	40-44 ár	13
	45-49 ár	14
	50-54 ár	12
	55-59 ár	7
	60-64 ár	2
65 ára og eldri	3	
Menntun akademískra starfsmanna	Doktorspróf	4
	Meistarapróf	43
	Annað eða óþekkt	15
Stöðuheiti akademískra starfsmanna	Prófessor	9
	Dósent	0
	Lektor	6
	Aðjúnt	39
	Aðrir	8
Stundakennarar		339
Starfshlutfall akademískra starfsmanna	Fjöldi í fullu starfi	42
	Fjöldi í hlutastarfi	20
Fjöldi nemendaígilda á hvert ársverk við kennslu		11.3
Hlutfall lausráðins starfsfólks við kennslu (stundakennara) af heildarfjölda akademískra starfsmanna.		0.85
Hlutfall ársverka akademískra starfsmanna af ársverkum við kennslu.		0.59
Hlutfall ársverka stundakennara af ársverkum við kennslu.		0.41

Listaháskóli Íslands

Ársreikningur

1.8. - 31.12.13

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5-6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-12

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Listaháskóla Íslands.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Listaháskóla Íslands fyrir reikningsárið 1/8/2013-31/12/2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábending

Án þess að gera um það fyrirvara viljum við vekja athygli á skýringu 9 með ársreikningnum þar sem bent er á að Listhaskóli Íslands var rekinn með 32,4 milljóna króna tapi á tímabilinu 1.8.2013-31.12.2013 og eigið fé var í lok tímabilsins neikvætt um 88,7 milljónir króna til samanburðar við neikvætt eigið fé á fyrra ári um 56,4 milljónir króna.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á reikningsárinu 1/8/2013-31/12/2013, efnahag þess 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á reikningsárinu 1/8/2013-31/12/2013, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 28. maí 2014.

Deloitte ehf.



Þorsteinn Pétur Guðjónsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Listaháskóla Íslands koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu Listaháskóla Íslands í lok rekstrarársins, rekstrarafkomu 1/8 2013 – 31/12 2013 og fjárhagslegri þróun.

Stjórn skólans hefur tekið ákvörðun að breyta rekstrarári skólans úr skólaári í almannaksár. Þetta er gert að beiðni háskólaskrifstofu Mennta- og menningarráðuneytisins til að auðvelda samanburð lykiltalna íslenskra háskóla, en allir háskólar landsins nota nú almannaksár sem rekstrarár.


Stjórn og framkvæmdastjóri Listaháskóla Íslands staðfesta hér með ársreikning Listaháskóla Íslands fyrir reikningsárið 1/8 2013– 31/12 2013 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. maí 2014

Í stjórn




Kolbrún Halldórsdóttir



Kolbeinn Einarsson



Markús Þór Andrésson



Jóhannes Þórðarson



Jón Ólafur Ólafsson

Rektor



Friða Björk Ingvarsdóttir

Framkvæmdastjóri



Magnús Loftsson

Rekstrarreikningur 1/8 2013 til 31/12 2013

	Skýr.	1.8. - 31.12.13	1.8.12 - 31.7.13
Tekjur úr ríkissjóði		312.263.036	755.491.099
Skólagjöld		94.671.774	173.498.250
Aðrar tekjur		20.502.876	32.481.372
		<u>427.437.686</u>	<u>961.470.721</u>
Laun, launatengd gjöld og verktakagreiðslur	3	(299.158.162)	(588.428.676)
Húsnæðiskostnaður		(79.956.348)	(193.636.169)
Annar rekstrarkostnaður		(73.064.401)	(139.219.864)
Afskriftir	6	(7.288.223)	(17.731.287)
		<u>(459.467.134)</u>	<u>(939.015.996)</u>
(Rekstrartap), rekstrarhagnaður		(32.029.448)	22.454.725
Fjármunatekjur	4	502.752	618.289
Fjármagnsgjöld	5	(844.386)	(3.073.767)
(Tap), hagnaður		<u>(32.371.082)</u>	<u>19.999.247</u>

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	31.12.2013	31.07.2013
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	55.034.150	50.961.229
Eignarhlutar í félögum	7	700.000	950.000
		<u>55.734.150</u>	<u>51.911.229</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	8	4.270.210	3.524.186
Aðrar skammtímakröfur	8	9.238.338	5.329.937
Handbært fé	8	1.770.855	1.204.922
		<u>15.279.403</u>	<u>10.059.045</u>
Eignir		<u>71.013.553</u>	<u>61.970.274</u>

31. desember 2013

Eigið fé og skuldir	Skýr.	31.12.2013	31.07.2013
Eigið fé			
Eigið fé í upphafi árs	9	(56.354.483)	(76.353.730)
Afkoma ársins	9	(32.371.082)	19.999.247
Eigið fé (neikvætt)		<u>(88.725.565)</u>	<u>(56.354.483)</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldir við lánastofnanir	10	2.575.398	3.975.410
		<u>2.575.398</u>	<u>3.975.410</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	11	23.226.680	8.296.059
Skuldir við lánastofnanir		24.235.725	18.362.170
Næsta árs afborganir langtímaskulda	11	3.433.864	3.407.495
Fyrirfram innheimtar tekjur		10.228.186	23.253.200
Aðrar skammtímaskuldir	11	96.039.265	61.030.423
		<u>157.163.720</u>	<u>114.349.347</u>
Skuldir		<u>159.739.118</u>	<u>118.324.757</u>
Eigið fé og skuldir		<u><u>71.013.553</u></u>	<u><u>61.970.274</u></u>

Yfirlit um sjóðstreymi 1/8 2013 til 31/12 2013

	Skýr.	1.8. - 31.12.13	1.8.12 - 31.7.13
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður (tap)		(32.029.448)	22.454.725
Afskriftir	6	7.288.223	17.731.287
Veltufé (til) frá rekstri án vaxta		(24.741.225)	40.186.012
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun)		(4.416.366)	(2.393.565)
Rekstrartengdar skuldir hækkun		36.914.449	15.618.302
Handbært fé frá rekstri án vaxta		7.756.858	53.410.749
Innborgaðir vextir		502.752	618.289
Greiddir vextir		(844.386)	(3.073.767)
Handbært fé frá rekstri		7.415.224	50.955.271
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	6	(11.361.144)	(10.021.169)
Dansmennt		11.941	3.855
Styrktarsjóður Halldórs Hansen		0	201.695
		(11.349.203)	(9.815.619)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda		(1.373.643)	(9.118.667)
Breyting á skammtímaskuldum við lánastofnanir		5.873.555	(31.887.054)
		4.499.912	(41.005.721)
Hækkun handbærs fjár		565.933	133.931
Handbært fé í upphafi tímabilsins		1.204.922	1.070.991
Handbært fé í lok tímabilsins		1.770.855	1.204.922

Skýringar

1. Starfsemi

Listaháskóli Íslands er sjálfseignarstofnun sem starfar samkvæmt lögum nr. 43/1995 um listmenntun á háskólastigi og samkvæmt skipulagsskrá er staðfest var af Menntamálaráðuneytinu 21. september 1998.

Listaháskóli Íslands sinnir æðri menntun á sviði myndlistar, leiklistar, tónlistar, hönnunar og arkitektúrs. Listaháskóli Íslands vinnur jafnframt að eflingu listmennta með þjóðinni og miðlar fræðslu um listir og menningu til almennings.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Listaháskóla Íslands fyrir tímabilið 1.8.2013 til 31.12.2013 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Rekstrarári skólans hefur verið breytt úr skólaári í almanaksár að beiðni háskólaskrifstofu Mennta- og menningarráðuneytisins

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Framlag ríkisins til Listaháskóla Íslands er samkvæmt fjárlögum.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

Skýringar

3. Launamál

	1.8. - 31.12.13	1.8.12 - 31.7.13
Laun	225.286.606	434.639.021
Launatengd gjöld	37.891.774	79.901.116
Verktakar - kennarar	32.714.007	60.253.460
Verktakar - aðrir	3.265.775	13.635.079
	<u>299.158.162</u>	<u>588.428.676</u>
Fastráðnir starfsmenn (stöðugildi)	84	77

Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda skólans frá 1.8.2013 til 31.12.2013 námu um 5,2 milljónum króna.

4. Fjármunatekjur

	1.8. - 31.12.13	1.8.12 - 31.7.13
Vaxtatekjur af viðskiptamönnum	361.524	561.022
Gengismunur	(138.694)	(321.687)
Aðrar vaxtatekjur	279.922	378.954
	<u>502.752</u>	<u>618.289</u>

5. Fjármagnsgjöld

	1.8. - 31.12.13	1.8.12 - 31.7.13
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir	(467.305)	(1.775.949)
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	(180.737)	(888.477)
Önnur vaxtagjöld	(196.344)	(409.341)
	<u>(844.386)</u>	<u>(3.073.767)</u>

6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Skrifstofu- búnaður	Tölvur og tölvubúnaður	Önnur áhöld og tæki	Hljóðfæri og fleira	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða 1.8.2013	58.889.318	90.146.800	69.794.036	34.938.322	253.768.476
Eignfært á tímabilinu		4.152.067	4.857.590	2.351.487	11.361.144
Staða 31.12.2013	<u>58.889.318</u>	<u>94.298.867</u>	<u>74.651.626</u>	<u>37.289.809</u>	<u>265.129.620</u>
Afskriftir					
Staða 1.8.2013	46.861.283	80.548.905	55.602.102	19.794.957	202.807.247
Afskrift á tímabilinu	1.627.124	2.575.373	2.308.853	776.873	7.288.223
Staða 31.12.2013	<u>48.488.407</u>	<u>83.124.278</u>	<u>57.910.955</u>	<u>20.571.830</u>	<u>210.095.470</u>
Bókfært verð					
Bókfært verð 1.8.2013	12.028.035	9.597.895	14.191.934	15.143.365	50.961.229
Bókfært verð 31.12.2013	<u>10.400.911</u>	<u>11.174.589</u>	<u>16.740.671</u>	<u>16.717.979</u>	<u>55.034.150</u>
Afskriftarhlutföll	20,0%	33,3%	20,0%	5,0%	

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu.

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir (frh.)

Bókfært verð og váttryggingamat eigna 31.12.2013 greinist þannig:

	Bókfært verð	Váttrygginga- mat
Tölvur og tölvubúnaður	11.174.589	93.422.531
Hljóðfæri	16.717.979	59.899.115
Aðrar lausafjártryggingar	27.141.582	209.675.878
	<u>55.034.150</u>	<u>362.997.524</u>

7. Eignarhlutar í félögum

	Hlutdeild	Nafnverð	Bókfært verð
Eignarhlutar í dótturfélagi:			
Dansmennt ehf.	100,00%	500.000	0
Eignarhlutar í öðrum félögum			
Háskólasetur Vestfjarða ses.		150.000	150.000
Rannsókn- og háskólanet Íslands hf.		500.000	500.000
Sameinuð stoðstofnun á Austurlandi		50.000	50.000
			<u>700.000</u>

8. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.12.2013	31.07.2013
Innlendar viðskiptakröfur	4.270.210	4.021.686
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	0	(497.500)
	<u>4.270.210</u>	<u>3.524.186</u>

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2013	31.07.2013
Virðisaukaskattur	4.163.549	1.788.624
Fyrirframgreiddur kostnaður	4.689.264	2.988.576
Styrktarsjóður Halldórs Hansen	0	278.470
Dansmennt ehf.	11.941	9.783
Fyrirfram greidd laun	373.584	264.484
	<u>9.238.338</u>	<u>5.329.937</u>

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2013	31.07.2013
Sjóður	124.680	8.280
Bankainnstæður í íslenskum krónum	1.170.436	882.558
Bankainnstæður í erlendri mynt	475.739	314.084
	<u>1.770.855</u>	<u>1.204.922</u>

Skýringar

9. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1.8.2012	(76.353.730)
Hagnaður tímabils	19.999.247
Eigið fé 1.8.2013	(56.354.483)
Tap tímabils	(32.371.082)
Eigið fé 31.12.2013	(88.725.565)

Eins og fram kemur í ársreikningi skólans nam tap ársins 32,4 milljónum króna og eigið fé var í lok ársins neikvætt um 88,7 milljónir króna. Eigið fé á síðasta ári var neikvætt um 56,4 milljónir króna. Rekstrarári skólans hefur verið breytt úr skólaári í almanaksár að beiðni háskólaskrifstofu Mennta- og menningarráðuneytisins og hefur það áhrif á samanburð milli tímabila.

10. Langtímaskuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2013	31.07.2013
Skuldir í ISK	6.009.262	7.382.905
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(3.433.864)	(3.407.495)
Langtímaskuldir í lok reikningstímabilsins	2.575.398	3.975.410

Afborganir langtímaskulda greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir
Næsta árs afborganir	3.433.864
Afborganir 2015	2.575.398
	6.009.262

11. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	31.12.2013	31.07.2013
Viðskiptaskuldir	23.226.680	8.296.059
	23.226.680	8.296.059

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2013	31.07.2013
Ógreidd laun og launatengd gjöld	59.141.116	48.199.386
Ógreiddir áfallnir vextir	24.287	29.839
Orlofsskuldbinding	36.873.862	12.801.198
	96.039.265	61.030.423

Næsta árs afborganir langtímaskulda

	31.12.2013	31.07.2013
Skuldir við lánastofnanir	3.433.864	3.407.495

Skýringar

12. Ábyrgðir og önnur mál

Skólinn hefur gert sjö samninga um húsaleigu. Tveir samningar eru við Fasteignir ríkissjóðs vegna leigu á Laugarnesvegi 91 og Sölvhólsstötu 13 og er leigutími ótímabundinn. Skólinn er með húsaleigusamning um fimm færanlegar kennslustofur sem staðsettar eru við Sölvhólsstötu 13; tónlistarsalur, danssalur, tvær kennslustofur og eitt smíðaverkstæði fyrir nemendaleikhúsið. Leigutími þeirra er til september 2013 og er áætlað að framlengja leigusamningnum. Ekki hefur verið skrifað undir nýjan leigusamning. Þá hefur skólinn gert tvo húsaleigusamninga um leigu á sjö hæðum sem staðsettar eru við Þverholt 11. Leigutími þeirra er til 31. ágúst 2021.

Nýr þjónustusamningur um og kennslu og rannsóknir milli Listaháskólans og mennta- og menningarmálaráðuneytisins var undirritaður á árinu. Samningurinn gildir til ársins 2016.

Skólinn hefur gefið út tryggingarbréf til tryggingar á skuldum við Arion banka. Í árslok nema eftirstöðvar þessara skulda við bankan 24,2 milljónum króna. Uppreiknað virði tryggingbréfs með veði í viðskiptakröfum nemur 167 milljónum króna í árslok.

Skólinn hefur gefið út tryggingarbréf að fjárhæð 115 milljónir króna til tryggingar á tjóni sem mennta- og menningarmálaráðuneytið kann að verða fyrir vegna vanefnda Listaháskólans á þjónustusamningi. Tryggingin er í formi veðs í hluta af tækjabúnaði og innbúi háskólans.

13. Sjóðstreymisýfirlit

	1.8. - 31.12.13	2012/2013	2011/2012	2010/2011	2009/2010
Hagnaður (tap).....	(32.371.082)	19.999.247	(87.818.828)	23.027.326	27.106.214
Afskriftir.....	7.288.223	17.731.287	20.193.997	18.146.166	20.579.499
Reiknaðir fjármagnsliðir.....	0	0	1.020.523	1.244.297	24.779.653
Hreint veltufé frá rekstri	(25.082.859)	37.730.534	(66.604.308)	42.417.789	72.465.366
Breyting á:					
Rekstrartengdum eignum.....	(4.416.366)	(2.393.565)	6.390.024	(3.522.058)	(5.205.668)
Rekstrartengdum skuldum.....	36.914.449	15.618.302	24.636.267	(22.613.838)	6.629.475
Handbært fé frá rekstri	7.415.224	50.955.271	(35.578.017)	16.281.893	73.889.173